



Ingvar Sigurgeirsson  
í samráði við stýrihóp

## ***Skólastefna fyrir Stykkishólmsbæ***

10. júní 2016

## **Efnisyfirlit**

Inngangur	3
Forsendur	4
Framtíðarsýn	6
Forgangsverkefni	6
Nemendur	8
Starfsfólk	8
Uppeldi, nám og kennsla	8
Aðstæður	9
Samstarf skóla (og við þá sem vinna að íþrótta- og æskulýðsmálum)	10
Skóli, samfélag og umhverfi	10
Skóla- og starfsþróun	11

## Inngangur

Hér er lögð fram ný skólastefna fyrir Stykkishólmsbæ.

Stefnumótunin er byggð á niðurstöðum funda sem haldnir hafa verið með nemendum Grunnskólans og Tónlistarskólans, leikskólabörnum, starfsfólki skólanna þriggja, skólanefndum, æskulýðs- og íþróttanefnd, bæjarstjórn og stýrihópi verkefnisins. Á fundunum hefur verið leitað álits á því hvað vel sé gert í skóla- og tómstundastarfi og hvað megi betur fara. Þá hafa fundarmenn verið beðnir um að setja fram hugmyndir um sóknarfæri og lýsa óskum sínum, skólunum og tómstundastarfinu til handa.

Einnig hefur verið höfð hliðsjón af niðurstöðum samráðsfundar starfsfólks skólanna sem haldinn var föstudaginn 4. mars 2016, sem og niðurstöðum könnunar sem gerð var meðal foreldra í mars 2016.<sup>1</sup> Loks er að nefna niðurstöður opins íbúafundar sem haldinn var 21. Maí 2016. Á fundinum, sem sóttur var af tæplega 40 íbúum, var unnið í hópum og skipulega farið yfir tillögu að nýrri skólastefnu og athugasemdir gerðar sem hafðar hafa verið til hliðsjónar við þessa lokagerð.

Ráðgjafi við þessa endurskoðun var Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands. Í stýrihópi um verkefnið voru:

- Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, formaður skólanefndar Stykkishólmsbæjar er formaður hópsins
- Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, formaður skólanefndar Tónlistarskólans
- Fulltrúi Grunnskóla Stykkishólms er Berglind Axelsdóttir
- Fulltrúi Leikskólans í Stykkishólmi er Sigrún Þórsteinsdóttir
- Fulltrúi Tónlistarskólans er Jóhanna Guðmundsdóttir
- Fulltrúi foreldra við Grunnskólann er Lára Björg Björgvinsdóttir
- Fulltrúi foreldra Leikskólans er Ingunn Sif Höskuldsdóttir
- Tveir fulltrúar íþróttá- og tómstundaneftdar eru Agnes Sigurðardóttir og Sigfús Magnússon

---

<sup>1</sup> Sjá skýrslu um hana á þessari slóð: [http://skolastofan.is/wp-content/uploads/2015/12/Skyrsla\\_um\\_foreldrakonnun\\_11\\_4\\_2016.pdf](http://skolastofan.is/wp-content/uploads/2015/12/Skyrsla_um_foreldrakonnun_11_4_2016.pdf)

## Forsendur

Skóla- og tómstundastarf í Stykkishólmsbæ gengur í meginatriðum vel ef marka má þau viðhorf sem fram hafa komið í viðræðum og könnunum. Skólarnir eru vel mannaðir. Kannanir sýna að viðhorf foreldra og annarra íbúa til skólanna og tómstundastarfsins eru jákvæð.<sup>2</sup> Alls gáfu 83% foreldra starfi Grunnskólans þann vitnisburð að það væri gott eða mjög gott og að mati foreldra líður flestum börnunum vel. Svör foreldra barna á Leikskólanum voru á sama veg; 82% gefa skólanum góðan vitnisburð. Þegar foreldrar leikskólabarnanna voru spurðir um mat á starfi á deild barnsins var vitnisburðurinn enn jákvæðari; 91% töldu starfið mjög gott eða gott. Þá töldu 98% foreldra að börnum þeirra liði vel í Leikskólanum; með öðrum orðum – aðeins einu barni leið ekki vel. Tónlistarskólinn fékk einnig góða einkunn; 94% foreldra töldu starfið mjög gott eða gott. Þegar spurt var um mat á tómstundastarfinu fékk það jákvæða einkunn 74% foreldra, en af athugasemdum má ráða að það eru fremur þær aðstæður sem starfinu eru búnar sem valda því að þetta hlutfall er ekki hærra, fremur en inntak starfsins. Þá virðist það mat flestra að bæjaryfirvöld hafi stutt vel við skólastarfið og sýnt metnað í skólamálum.

Af öðrum jákvæðum atriðum sem fram hafa komið má nefna góðan starfsanda og skólabrag í Grunnskólanum og jákvæð viðhorf nemenda til flestra kennara og til stjórnenda. Góð starfsaðstaða er í Leikskólanum, skólinn um margt vel búinn og starfsumhverfið fjölbreytt og fallegt. Börnunum líður vel, starfið er fjölbreytt og uppeldisstarf markvisst. Tónlistarskólinn býður fjölbreytt framboð tónlistarnáms, aðsókn að skólanum er mikil og nemendur áhugasamir og jákvæðir. Öflug lúðrasveit starfar á vegum skólans sem íbúar eru stoltir af og Tónlistarskólinn er mjög sýnilegur í samfélaginu. Enda þótt tómstundastarfið búi við ófullnægjandi aðstæður er starfið sjálft skemmtilegt og hugmyndríkt og þátttaka í því mikil. Íþróttáhugi í bænum er mikill og almennur og aðstaða öll mjög góð.

Þegar mótuð er skólastefna skiptir miklu sá skilningur að skóla- og tómstundastarf er alltaf hægt bæta. Fagmennska á þessu sviði byggir öðru fremur á því að vera stöðugt að leita leiða til að bæta starfið. Þessi skólastefna byggist á greiningu á starfinu þar sem markvisst hefur verið leitast við að leggja mat á það sem vel hefur verið gert og ekki síður á hvað betur má fara og hver séu helstu sóknarfæri.

Eftirfarandi atriði voru tilgreind sem **helstu veikleikar í starfinu** þegar litið er á það í heild:

- Skólarnir, sem og æskulýðsstarfið, að Leikskólanum undanskildum, búa við ófullnægjandi aðstæður, hvað varðar húsnæði og búnað í of mörgum atriðum. Mikil vandkvæði geta orðið í húsnæðismálum ef mikil íbúafjölgun verður.
- Fjarlægð milli skólanna (og tómstundaheimilisins) hamlar samvinnu þeirra, samnýtingu og samstillingu krafta.
- Árangur á samræmdum prófum hefur verið undir væntingum og kannanir á viðhorfum

---

<sup>2</sup> Í tengslum við endurskoðun skólastefnunnar var gerð rafræn könnun á viðhorfum foreldra til starfsins. Sjá skýrslu um niðurstöður hennar á þessari slóð: [http://skolastofan.is/wp-content/uploads/2015/12/Skyrsla\\_um\\_foreldrakonnun\\_11\\_4\\_2016.pdf](http://skolastofan.is/wp-content/uploads/2015/12/Skyrsla_um_foreldrakonnun_11_4_2016.pdf)

nemenda í Grunnskólanum hafa ekki skilað nægilega jákvæðum niðurstöðum, t.d. hvað varðar trú nemenda á eigin námsgetu, lestraráhuga, þrautseigju, hreyfingu og virkni nemenda í kennslustundum. Of margir þættir sem mældir eru sýna skólann undir meðallagi í samanburði við viðmiðunarhópa.

- Sveitarfélagið hefur ekki sinnt lögbundinni leikskólaráðgjöf.
- Innra mat, einkum í leik- og tónlistarskóla, mætti vera talvert öflugra. Þá þarf að huga að umbótaáætlunum allra skólanna.
- Sérkennara vantar, sem og þroskaþjálfara. Úrræði vantar fyrir börn af erlendum uppruna – og engin móðurmálskennsla er fyrir þau. Einnig þarf að skoða aðferðir og úrræði fyrir börn með sértæka námserfiðleika (t.d. ADHD).

Þegar spurt var um hver væru **helstu sóknarfæri** í skóla- og tómskundamálum voru þessi atriði einkum nefnd:

- Efla samstarf skólanna sem og við þá sem vinna að æskulýðsstarfi. Veruleg sóknarfæri eru fólgin í virkri, sameiginlegri skólastefnu. Eftirfarandi hugmyndir hafa komið fram:
  - Ráðist verði í að móta sameiginlega læsisstefnu sem taki til beggja skólastiga til að skapa samfellu og til allra náms sviða og námsgreina (og sérstaklega til stærðfræðilæsis).
  - Mörkuð verði heildstæð stefna um móttöku nemenda af erlendum uppruna.
  - Sameiginleg sérkennslustefna.
  - Skólarnir komi sér saman um uppeldisstefnu (t.d. Uppeldi til ábyrgðar).
  - Sameiginleg forvarnar- og lýðheilsustefna (í samvinnu við fleiri aðila).
  - Samvinna um skólaþróunarverkefni.
  - Gerð verði sameiginleg stundatafla fyrir grunnskóla, tónlistarskóla og íþrótt- og tómskundastarf.
- Úrbætur í húsnæðismálum skapa fjölmarga nýja möguleika en ljóst að á þeim tíma sem stefnumörkunin nær til verður aðeins unnt að ná nokkrum áföngum.
  - Taka þarf afstöðu til þeirra hugmynda sem fram hafa komið um bráðabirgðaaðgerðir í húsnæðismálum.<sup>3</sup>
  - Finna þarf tómskundastarfinu betra og rýmra húsnæði.
  - Nýta þarf þau sóknarfæri sem skapast fyrir Grunnskólann þegar nýbygging bókasafns rís.
  - Hugsa þarf að möguleikum á viðbyggingu við Leikskólann (ungbarnadeild).
  - Lagfæra þarf húsakynni Tónlistarskólans, m.a. að bæta hljóðvist.
- Unnið verði markvisst að því að bæta námsárangur, námsáhuga og að efla trú nemenda á eigin getu og sjálfstraust þeirra. Gerð verði aðgerðaáætlun sem miðar að þessu marki.

---

<sup>3</sup> Sjá um þær í vinnuskjali um niðurstöður funda í tengslum við endurskoðun skólastefnu fyrir Stykkishólmsbæ á þessari slóð: [http://skolastofan.is/wp-content/uploads/2015/12/Skolastefna\\_vinnuskjal\\_4\\_april.docx](http://skolastofan.is/wp-content/uploads/2015/12/Skolastefna_vinnuskjal_4_april.docx)

- Skólanámskrágerð verði eflað og innra mat bætt.
- Skólarnir leggi aukna áherslu á tengsl við samfélagið (tenging við daglegt líf, atvinnulíf, náttúru og umhverfi, starfsnám, heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir, vinnustaði og söfn, náttúruskoðun).
- Skólaþróunarstarf verði eflað með þeim hætti að skólarnir beri sig eftir styrkjum til þróunarverkefna.

Ofangreind greining hefur verið lögð til grundvallar nýrri skólastefnu og vísar veginn um þær megináherslur sem settar verða á oddinn næstu fimm ár. Hliðstæð greining og þessi var gerð sérstaklega fyrir skólana þrjá og tómskundastarfið (sjá um hana í vinnuskjali um niðurstöður funda um endurskoðun skólastefnunnar, sbr. neðanmálgrein nr. 4).

Áréttað skal að líta verður til þess að verði íbúafjölgun í bænum standa leik- og grunnskóli illa til að taka við fleiri börnum. Áriðandi er að þegar verði hugað að möguleikum til að mæta þessu ef af verður. Í vinnuskjali um niðurstöður funda í tengslum við endurskoðun skólastefnu fyrir Stykkishólmsbæ eru reifaðar ýmsar hugmyndir um hvernig þetta væri hægt (sjá neðanmálgrein 4).

- Að fela skólanefndað hafa eftirlit með framkvæmd stefnunnar í samráði við stjórnendur skóla- og tómskundastarfs.
- Að samið verði við Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.
- Að gera samning við skólaráðgjafar fyrirtæki.
- Að ráða skólaráðgjafa eða skólafulltrúa í hlutastarf.
- Að leita samninga við önnur sveitarfélög, t.d. sveitarfélögin á Snæfellsnesi, um stofnun sérstakrar fræðslu- eða skólaskrifstofu þar sem starfi, auk fræðslustjóra, þroskaþjálfari, sérfræðingur í sérkennslumálum (sem annast m.a. greiningar og ráðgjöf), leikskólaráðgjafi, náms- og starfsráðgjafi, grunnskólaráðgjafi og talmeinafræðingur. Þá veiti skrifstofan ráðgjöf um skólanámskrágerð og innra mat.

## Framtíðarsýn

Markmið bæjarins er að eiga skóla og tómskundastarf sem einkennist af fjölbreyttu og skapandi starfi þar sem stöðugt er unnið að umbótum af metnaði. Velliðan barna og starfsfólks, einstaklingsmiðað nám og góður námsárangur skal vera í fyrirrúmi. Þá skal efla samstarf innan og á milli skólanna, í æskulýðs- og íþróttastarfi, við samfélagið og heimilin. Áhersla er lögð á fagmennsku, góðar starfsaðstæður, gagnkvæma virðingu, jafnrétti, mannréttindi og lýðræðislega starfshætti.

## Forgangsverkefni

Mikilvægustu verkefni í skóla- og tómskundamálum í Stykkishólmi á næstu fimm árum eru þessi:

- Unnið verði markvisst að því að bæta námsárangur og kennsluhætti, námsáhuga og að efla

sjálfstraust og trú nemenda á eigin getu. Gerð verði aðgerðaáætlun sem miðar að þessu marki (sjá nánar í kaflanum **Uppeldi, nám og kennsla**).

- Samstarf skólanna verði eftl, meðal annars með sameiginlegri stefnumótun, sem nái m.a. til eftirfarandi þátta:
  - Stefnu um lestur og læsi, þar með talið stærðfræðilæsi, sem taki til beggja skólastiga, allra námssviða og námsgreina.
  - Sérkennslumála.
  - Móttöku og kennslu nemenda af erlendum uppruna.
  - Uppeldisstefnu.
  - Forvarnar- og lýðheilsustefnu.

Skipað verði samstarfsteymi fulltrúa allra skólanna til að samhæfa verkefnin.

- Úrbótum í húsnæðis- og húsbúnaðarmálum verði flýtt eftir því sem unnt er.
  - Tómsundastarfinu verði fundið betra og rýmra húsnæði.
  - Lagfæringar verði gerðar á húsnæði Tónlistarskólans til að bæta hljóðvist.
  - Áfram verði unnið að því að bæta tölvukost, innra net og tölvupjónustu.
  - Útileiksvæði við leik- og grunnskóla verði bætt.
  - Ný heimilisfræðistofa verði innréttuð í Grunnskólanum.
  - Hugað verði að tónmennta- og náttúrufræðistofu í Grunnskólanum.
  - Nemendum á unglíngastigi verði búið sveigjanlegt húsnæði í kjölfar byggingar bókasafnshúss.
- Skólarnir leggi aukna áherslu á tengsl við samfélagið (hugað verði að meiri tengslum við atvinnulíf, náttúru og umhverfi: Nefna má starfsnám, heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir, vinnustaði og söfn, náttúruskoðun vettvangsferðir og –athuganir).
- Skólanámskrágerð verði eflað og innra mat gert að reglulegum þætti í starfinu.
- Komið verði á fót leikskólaráðgjöf.
- Áhersla verði lögð á skólaþróunarstarf og starfsfólk skólanna beri sig eftir styrkjum til þróunarverkefna, gjarnan í samvinnu.
- Ungbarnadeild verði stofnuð við Leikskólann eða í tengslum við hann, í lausri kennslustofu á eða við lóð Leikskólans, í húsi í nágrenni hans, eða með samvinnu við dagforeldra í bænum. Deildin taki við börnum frá níu mánaða aldri. Í framtíðinni verði deildin í viðbyggingu við skólann.
- Stefnt verði að fjölbreyttara starfi fyrir nemendur í heilsdagsskólanum og starfinu sett markmið og starfsrammi í samræmi við skólastefnu Stykkishólmsbæjar. Þá verði stefnt að því að ráða faglærðan starfsmann til að stýra starfinu.
- Kannaðir verði möguleikar á að koma á heildstæðum skóladegi, svo grunnskólanemendur geti lokið skóla- og heimanámi fyrir kl. 16.00 (að heimallestri undanskildum).

## Nemendur

Áfram verði lögð áhersla á vellíðan nemenda, góð samskipti og jákvæðan skólabrag. Á næstu árum verði unnið að því að efla ábyrgð nemenda á eigin námi eftir því sem þroski þeirra leyfir og að þeir taki meiri þátt í ákvörðunum um skólastarfið en verið hefur. Kannanir sem gerðar hafa verið sýna að efla þarf trú nemenda á eigin námsgetu, sjálfstraust þeirra, áhuga, þrautseigju og virkni í kennslustundum. Leiðir að þessu eru meðal annars þær sem hér greinir:

- Aukin áhersla á að hlusta á raddir nemenda og hafa þá með í ráðum um nám og skólastarf. Nefna má eftirfarandi leiðir:
  - Haldin verði árleg nemendapíng, lýðræðisþing, þar sem nemendur fjalla um málefni sem þá varða.
  - Nemendur hafi hönd í bagga varðandi skólastofur og annað námsumhverfi.
  - Nemendur taka þátt í að setja bekkjar- og skólareglur.
- Að skólarnir taki upp leiðsagnarmat þar sem megináhersla er á uppbyggilega endurgjöf og ábyrgð nemenda á eigin námi.
- Í skólunum verði öflugt forvarnarstarf.

## Starfsfólk

Stykkishólmsbær vill eiga á að skipa vel menntuðu, áhugasömu og metnaðarfullu starfsfólki, bæði körlum og konum, sem setur fagleg sjónarmið á oddinn í starfi sínu. Kostað skal kapps um að búa því sem best starfsskilyrði og veita því góð tækifæri til stöðugrar starfsþróunar. Á næstu árum verður sérstök áhersla lögð á þessi atriði:

- Sveitarfélagið leggi sitt af mörkum til að laða að menntað starfsfólk. Hér þarf m.a. að horfa til þess að:
  - Fjölga leikskólakennaramenntuðu starfsfólki.
  - Fá til starfa fleiri tónlistarkennara með tónlistarkennaramenntun.
  - Að horft verði til kynjahlutfalls við ráðningar.
- Markvisst þarf að vinna að því að skapa og viðhalda góðum starfsanda og sterkri liðsheid.
- Lýðræðisleg vinnubrögð verði höfð að leiðarljósi og ábyrgð dreift.

## Uppeldi, nám og kennsla

Skólarnir í Stykkishólmsbæ starfa eftir hugmyndafræði skóla án aðgreiningar og leggja grunnþætti menntunar, eins og þeir eru skilgreindir í námskrá, (Aðalnámskrá leikskóla 2008 og Aðalnámskrá grunnskóla 2008) til grundvallar í starfi sínu. Starfsfólk skólanna leggur áherslu á fjölbreyttar aðferðir og nálganir í skóla- og uppeldisstarfi til að auka líkur á að komið sé til móts við þarfir sem flestra barna. Lögð er áhersla á hollustu, hreyfingu og góðar starfsvenjur. Á næstu árum verður m.a. unnið að þessum verkefnum:



- Unnið verði markvisst að því að bæta námsárangur, námsáhuga og að efla sjálfstraust nemenda og trú þeirra á eigin getu. Gerð verði aðgerðaáætlun sem miðar að þessu marki. Mikilvægur grunnur hennar er mótun sameiginlegrar læsisstefnu fyrir bæði skólastig. Í þessu felst einnig:
  - Aukin áhersla á einstaklingsmiðaðar kennsluaðferðir og leiðsagnarmat.
  - Leitað verði leiða til að efla námsáhuga, m.a. með fjölbreyttum kennsluaðferðum, sjálfstæðum og skapandi verkefnum, upplýsingatækni, útinámi og öðrum viðfangsefnum sem þjálfa lykilhæfni.
  - Valgreinar verði eflidar, einkum greinar sem fela í sér verklega þætti, sköpun og tengsl við samfélagið. Val verði einnig aukið í námi yngri barna.
  - Átak verði gert til frekari innleiðingar á upplýsingatækni í þágu náms og kennslu.
- Stefnt verði að því að ráða menntaðan sérkennara eða þroskaþjálfara að skólunum og unnið verði að betri samfellu í námi nemenda sem fá sérkennslu.
- Námsráðgjöf verði eflid.
- Gerðar verði tilraunir með hópkenntu í tónlistarnáminu og kenntu tónfræðigreina eflid.
- Nám á strengjahljóðfæri verði í boði í Tónlistarskólanum.
- Kannaðir verði möguleikar á að byggja upp fjarkennslu tónfræðigreina fyrir tónlistarnema (þá sem lengra eru komnir), t.d. tónlistarsögu og hljómsveitarfræði.
- Áhersla verði lögð á að auka vitund nemenda um umhverfi og náttúru.
- Betur verði hugað að því að koma til móts við bráðgera nemendur, m.a. í samstarfi við FSn.
- Byggð verði upp öflug tónmenntakennsla við Grunnskólann, hvort tveggja sem skyldunám og sem valgrein á unglingsstigi (t.d. hljómsveitarval). Stefnt verði að því að þessu verði komið á skólaárið 2017–2018.
- Bókasafnsfræðsla verði eflid og safnið nýtt markvisst til náms, sem og þau sóknarfæri sem til verða þegar Amtsbókasafnið flytur í nýbygginguna við skólann.

## Aðstæður

Mörg verkefni eru framundan hvað varðar húsnæðismál, búnað og aðstöðu. Áriðandi er að nýta vel þau sóknarfæri sem skapast þegar bygging undir bókasafn rís við Grunnskólann. Taka þarf afstöðu til þeirra hugmynda sem fram hafa komið um bráðabirgðaaðgerðir í húsnæðismálum og um byggingu ungbarnadeildar við Leikskólann. Raða þarf eftirfarandi umbótaverkefnum í forgangsrið:

- Tómsundastarfinu verði fundið betra og rýmra húsnæði.
- Unnið verði að því að bæta hljóðvist í Tónlistarskólanum.
- Bæta þarf námsaðstæður nemenda á unglingsstigi og aðstöðu fyrir heimilisfræði.
- Áfram verði unnið að því að bæta tölvukost, innra net og tölvuþjónustu.
- Ráðist verði í nauðsynlegar lagfæringar á útileiksvæðum og leiktæki endurnýjuð.

- Koma þarf upp náttúrufræðistofu og tónmenntastofu í Grunnskólanum.
- Skapa þarf heilsdagsskóla betri aðstæður (finna honum „eigið“ húsnæði).

## Samstarf skóla (og við þá sem vinna að íþróttá- og æskulýðsmálum)

Á næstu fimm árum verður skipulega unnið að því að efla samstarf skólanna innbyrðis sem og við þá sem vinna að tómsunda-, íþróttá- og æskulýðsstarfi. Þá verði leitað eftir auknu samstarfi við aðra skóla á Snæfellsnesi. Nýtt verði þau sóknarfæri sem fólgin eru í virkri, sameiginlegri skólastefnu.

Helstu verkefni verði þessi:

- Skólarnir móti sér sameiginlega læsisstefnu sem taki til beggja skólastiga, allra námssviða og námsgreina. Hliðstæð stefnumörkun verði mótuð um sérkennslu og um móttöku nemenda af erlendum uppruna. Í kjölfar þess verði ráðist í að móta sameiginlega uppeldisstefnu,<sup>4</sup> forvarnar og lýðheilsustefnu.
- Fjölgað verði gagnkvæmum heimsóknnum skólabarnanna.
  - Hugað verði að sameiginlegu starfi, svo sem sameiginlegum þemadögum (sjá dæmi um þemu í kaflanum **Skóli, samfélag og umhverfi**), söngstundum, leiksýningum, sýningum, hljómleikum, íþróttadegi eða vorhátíð.
  - Gerð verði sameiginleg stundatafla fyrir grunnskóla, tónlistarskóla og íþróttá- og tómsundastarf.
  - Á næstu fimm árum verði efnt til a.m.k. eins samvinnuverkefnis á sviði skólaþróunar.
- Samstarf skóla- og tómsundastarfs verði fellt í ákveðið form:
  - Skipað verði samstarfsteymi fulltrúa allra skólanna til að samhæfa samstarfsverkefni. Einnig verði leitað eftir samráði og samstarfi við fulltrúa íþróttá- og tómsundastarfs þegar um er að ræða viðburði sem tengjast þeim vettvangi (eineltismál, fræðsla um kynferðisofbeldi, forvarnarverkefni). Samstarfsteymið undirbýr einnig sameiginleg skólaþróunarverkefni.
  - Efnt verði til reglulegra samráðsfunda starfsfólks skólanna og þeirra sem vinna að tómsundamálum. Einnig verði hugað að menntabúðum<sup>5</sup> þvert á skóla.
- Samstarf við skóla í öðrum sveitarfélögum verði enn eflt, einkum við skólana á Snæfellsnesi.

## Skóli, samfélag og umhverfi

Eitt af forgangsverkefnum nýrrar skólastefnu er aukin áhersla á að tengja nám og samfélag (tenging við daglegt líf, atvinnulíf, náttúru og umhverfi, starfsnám, heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir, vinnustaði og söfn, náttúruskoðun). Þá verði skipulega unnið að því að gera skólastarfið sýnilegra.

- Rækt verði lögð við að efla þekkingu og skilning nemenda á sögu og umhverfi Stykkishólms; atvinnulífi, mannlífi og náttúru.

<sup>4</sup> Hugmynd var um að samstarf yrði um þetta við þá sem vinna að íþróttamálum.

<sup>5</sup> Um menntabúðir, sjá hér: <http://menntabudir.natturutorg.is/sample-page/>

- Þess sé gætt að verkefni sem snerta sjálfbærni og umhverfisvernd skipi fastan sess í skólastarfinu.
- Samstarf við foreldra og heimili verði eflt og aukin áhersla lögð á þátttöku foreldra í starfinu (einnig að foreldrar kynni störf sín og taki þátt í þemadögum og foreldrafundum verði komið á í Tónlistarskólanum).
- Stefnt er að auknu samstarfi skólabarnanna og eldri borgara, m.a. með verkefnum þar sem kynslóðirnar hittast og miðla og kenna hvor annarri.
- Kynning á skólastarfinu í Stykkishólmi verði aukin og starfið gert sýnilegra.
  - Heimasíður verði reglulega uppfærðar og áhersla lögð á að veita innsýn í innra starf skólanna og tómskundastarfsins. Skólastarf verði sýnilegra á heimasíðu Stykkishólms.
  - Séð verði til þess að skóla- og tómskundastarfið sé reglulega til umfjöllunar á heimasíðu bæjarins og viðburðir kynntir.
  - Verk barnanna verði til sýnis á fjölförnum stöðum í bænum.
- Starfskynningar verði fastur liður í skólastarfinu.
- Ráðist verði í áttak sem beinist að því að efla skilning foreldra og annarra íbúa á mikilvægi leikskólastigsins fyrir uppeldi, þroska og námsárangur.
- Leitast verði við að tengja skólastarf viðburðum í bænum (t.d. friðargöngu, áramótabrennu, sjómanna dag og 17. júní).

## Skóla- og starfsþróun

Mikilvægt er að stöðugt sé unnið að umbótum í skóla- og tómskundastarfi. Á næstu árum er stefnt að því að innra mat og skólanámskrárgerð verði eðlilegur og fastur liður í starfinu. Kapp verður lagt á að hafa nemendur og foreldra meira með í ráðum. Meðal áhersluþátta eru þessir:

- Skólaþróunarstarf verði eflt með þeim hætti að skólarnir beri sig reglulega eftir styrkjum til þróunarverkefna.
- Niðurstöður kannana og samræmdra prófa verða nýttar með markvissum hætti.
- Símenntun verði efld, meðal annars með því að hvetja betur til endurmenntunar, kynna enn betur fyrir starfsfólki möguleika á leiðum og styrkjum til endurmenntunar og með aukinni áherslu á að kennarar og annað starfsfólk skólanna miðli öðrum af endurmenntun sinni, m.a. á sameiginlegum starfsdögum.
- Starfsfólk eigi kost á reglulegum kynnisferðum í aðra skóla.
- Stefnt verði í átt að aukinni samvinnu kennara, annars vegar með því að efla teymiskennslu<sup>6</sup> í Grunnskólanum og hins vegar með því að fjölga deilda- og starfsmannafundum í Leikskólanum.

---

<sup>6</sup> Með teymiskennslu er átt við þegar tveir eða fleiri kennarar eru sameiginlega ábyrgir fyrir hóp nemenda, t.d. einum árgangi, eða aldursblönduðum hópi og undirbúa sig og kenna saman.